LÖG

um launamál.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ákvæði VIII. kafla laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o. fl., um verðbætur á laun skulu ekki gilda á tímabilinu frá og með 1. júní 1983 til og með 31. maí 1985. Sama máli gegnir um ákvæði í kjarasamningum um greiðslu verðbóta á laun á þessu tímabili. Verðbótavísitala samkvæmt 48. gr. til 52. gr. laga nr. 13/1979 skal eigi reiknuð fyrir greiðslutímabil frá og með 1. júní 1983 til og með 31. maí 1985.

Frá gildistöku þessara laga til 31. maí 1985 er óheimilt að ákveða að kaup, laun, þóknun, ákvæðisvinnutaxti eða nokkurt annað endurgjald fyrir unnin störf, eða nokkrar starfstengdar greiðslur, skuli fylgja breytingum vísitölu eða annars hliðstæðs mælikvarða á einn eða annan hátt. Tekur þetta til kjarasamninga stéttarfélaga og til allra annarra vinnusamninga, til kjaradóma og úrskurða í málum opinberra starfsmanna, svo og til launareglugerða og launasamþykkta allra fyrirtækja, stofnana og starfsgreina.

2. gr.

Laun í maí 1983 samkvæmt þágildandi kjarasamningum og lögum, það er grunnlaun að viðbættum verðbótum samkvæmt verðbótavísitölu er gildi tók 1. mars 1983, teljast grunnlaun við upphaf gildistíma þessara laga.

Laun þessi skulu hækka um 8% hinn 1. júní 1983, þó skulu lágmarkstekjur fyrir fulla dagvinnu samkvæmt gildandi ákvæðum í kjarasamningum aðildarfélaga Alþýðusambands Íslands og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja hækka um 10% hinn 1. júní 1983. Laun og lágmarkstekjur samkvæmt þessari málsgrein skulu síðan hækka um 4% hinn 1. október 1983.

Frekari hækkanir launa eða annarra greiðslna, samanber 2. málsgrein 1. greinar, en greinir í 2. málsgrein þesarar greinar á tímabilinu frá 25. maí 1983 til gildistöku laga þessara, hvort sem um þær er samið fyrir eða eftir 25. maí 1983, falla niður. Ákvæði þetta tekur þó ekki til persónubundinna launabreytinga að gefnum launastiga, samkvæmt reglum sem komnar eru í framkvæmd fyrir 25. maí 1983.

Með þeim breytingum á verðbóta- og kaupgjaldsákvæðum, sem greinir í 1. grein og 1. til 3. málsgrein þessarar greinar, skulu allir gildandi og síðast gildandi kjarasamningar, samanber 2. málslið 2. málsgreinar 1. greinar, gilda til gildistökudags laga þessara, en vera þá lausir.

3. gr.

Forsætisráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 15. desember 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.